



YFIRLIT ÁRSINS 2019

Umferðarslys

YFIRLIT ÁRSINS 2019



Umferðarslys

Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 102 Reykjavík
Sími: 511-6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

Icelandic Transportation Safety Board (ITSB)

www.rnsa.is

Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögnum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa segir í fyrstu grein laganna.

Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN.....	4
YFIRLIT ÁRSINS 2019 - Umferðarsvið	4
VETTVANGUR BANASLYSA 2019	5
ERLENT SAMSTARF 2019	5

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Árið 2019 unnu eftirfarandi nefndarmenn að skýrslum um banaslys í umferðinni á umferðarsviði RNSA.


- Geirprúður Alfreðsdóttir, flugstjóri og verkfræðingur (formaður)
- Ásdís J. Rafnar lögfræðingur, (aðalmaður)
- Guðmundur Freyr Úlfarsson, verkfræðingur (aðalmaður)
- Guðrún Nína Pedersen, veðurfræðingur (varamaður)
- Kristín Sigurðardóttir læknir, (varamaður)

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi hjá umferðarslysasviði RNSA, þeir Sævar Helgi Lárusson rannsóknarstjóri og Brynjar Stefánsson rannsóknarmaður.

Umferðarslysasvið sinnir útköllum á landsvísu og er sviðið skipulagt með þeim hætti að a.m.k annar starfsmaður þess sé alltaf tiltækur til að sinna útkalli.

YFIRLIT ÁRSINS 2019 - Umferðarsvið

Árið 2019 létust alls 6 manns í jafn mörgum slysum. Ef frá er talið árið 2014, þegar fjórir létust í þremur slysum þarf að fara aftur fyrir seinni heimstyrjöld til að sjá færri látna í umferðarslysum. Af þessum slysum voru þrjú útafakstrar, ein framanákeyrsla og ein aftanákeyrsla. Einn gangandi vegfarandi lést. Tveir þeirra sem létust voru erlendir ferðamenn eða einn þriðji sem er sama hlutfall og árið 2018.




Á mynd hér að ofan sést þróun banaslysa undanfarin 10 ár. Undanfarin ár hefur fjöldi banaslysa verið rúmlega eitt á mánuði en fjöldi látinn árið 2019 var langt undir meðallagi og næst besti árangur í 60 ár en árið 1939 létust fjórir einstaklingar í banaslysum í umferðinni.

Árið 2019 voru haldnir 22 fundir hjá umferðarsviði RNSA og var skýrslum um 15 banaslys í umferðinni lokið. Tveimur málum var lokað með bókun. Birti nefndin alls 15 tillögur í öryggisátt í skýrslunum og birti 24 ábendingar eða athugasemdir.

Mál höfðu safnast upp í afgreiðslu mála á umferðarsviði en árangur náðist árið 2019 í að stytta afgreiðslutíma mála, bæði vegna þess að 17 málum var lokið á árinu og banaslys voru óvenju fá.

VETTVANGUR BANASLYSA 2019

Af þessum sex banaslysum urðu tvö á Vestfjörðum, tvö á Vesturlandi, eitt á Norðurlandi og eitt var rétt vestan við Höfn í Hornafirði. Athygli vekur að ekkert banaslys varð á suður- og suðvesturlandi, en þar hafa oft verið flest banaslys í umferðinni.



Staðsetning banaslysa árið 2019.

ERLENT SAMSTARF 2019

Fulltrúar frá rannsóknarnefndum samgönguslysa frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Íslandi og Hollandi hittast árlega þar sem stofnanir bera saman bækur sínar, kynna rannsóknir og læra hver af öðrum. Norðmenn voru gestgjafar árið 2019 og sótti fulltrúi RNSA fundinn.



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is